

LÖG

um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. mgr. 10. gr. laganna bætist ný setning er orðast svo: Heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stjórnsýsla.

1. gr.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn bókasafnsins til fjögurra ára í senn svo sem hér segir: Tvo að tilnefningu háskólaráðs, einn að tilnefningu Rannsóknarráðs Íslands, einn að tilnefningu Bókavarðafélags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar einn stjórnarmanna formann og annan varaformann.

Stjórnin markar bókasafninu stefnu, hefur umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana safnsins og eftirlit með starfsemi þess.

Forstöðumaður bókasafnsins, landsbókavörður, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tilögurétt, svo og einn fulltrúi starfsmanna bókasafnsins.

Menntamálaráðherra ákveður stjórnarmönnum þóknun.